

# Frumvarp til laga

um

## stofnun yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1912).

1. gr.

Yfirsetukvennaskóla skal setja á stofn í Reykjavík.

2. gr.

Námstíminn skal vera 6 mánuðir og byrja 1. október ár hvert.

3. gr.

Landlæknir skal vera kennari skólans, og hafa 1000 kr. á ári fyrir þann starfa.

Þar að auki skal ráða 3 yfirsetukonur í Reykjavík, til að veita námskonum verklega tilsögn; skulu þær fá 200 kr. þóknun á ári, hver þeirra. Ráðherra veitir yfirsetukonum þennan starfa eftir að hafa fengið tillögur landlæknis.

4. gr.

Námskonur skulu fá námsstyrk, til þess að þær geti dvalið við námið sjer að kostnaðarlausu. Stjórnarráðið ákveður námsstyrkinn.

5. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans, og semur reglugerð fyrir hann.

6. gr.

Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

7. gr.

Landlæknir ákveður, hver skuli vera áhöld yfirsetukvenna. Landssjóður leggur til áhöld í yfirsetukvennaumdæmin.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1912.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefir landlæknir samið og visast um það til athugasemda við frumvarp til yfirsetukvennalaga. Eru hjer sett skýrari ákvæði um kensluna en í yfirsetukvennalögunum frá 1875 og í lögum nr. 9, 13. apríl 1894, um breytingu á 3. og 5. gr. nefndra laga, og er kenslunni yfirleitt hagað líkt því, er henni hefir verið hagað hin síðustu ár. Aðalbreytingin er í því innifalin, að útvega námskonunum meiri verklega æfingu við námið, en hingað til hefir verið færi á. Er ætlast til þess að námskonurnar fái riflegri námsstyrk en verið hefir, en þar á móti er felt burtu ákvæði hinna eldri laga um að landssjóður greiði námskonunum ferðakostnað á námsstaðinn, og þaðan í yfirsetukvennaumdæmið. Þessi umskifti, að námskonurnar fái að mun riflegri námsstyrk, en ferðakostnaður falli niður, verður Stjórnarráðið að telja mjög til bóta fyrir þær; eins og samgöngum nú er komið, er það tiltölulega ljett og kostnaðarlítið að komast til Reykjavíkur á haustin, eins og sjest á því, hvilíkur fjöldi nemenda sækir þangað til ýmsra skóla; hinsvegar liggur það í augum uppi, að námskonurnar geta rækt námið miklu betur, ef þær þurfa ekki að hafa verulegar áhyggjur útaf dvalarkostnaðinum í Reykjavík.

---